

Ed.

524. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 11. júlí 1911, um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907, um vegi.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir haft frv. þetta til athugunar og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Þó hafa 2 tveir nefndarmanna (S. H. K. og G. G.) áskilið sjer rjett til þess að bera fram breytingartillögur við frv.

Nefndin álitur, að nauðsynlegt sje að taka öll vegalögin til endurskoðunar, og hefir vegamálastjóri tjáð sig búinn til þess að koma með tillögur um gagngerða endurskoðun á vegalögunum svo snemma til stjórnarinnar, að hún geti lagt frv. um það fyrir næsta þing, og vonar fastlega að það verði gert.

Það atriði, sem eftir þessu frv. kemur einkum til álita, eru ákvæði laganna um viðhald flutningabrauta.

Það hefir sýnt sig, að ákvæði vegalaganna um viðhald sýslufjelaganna hefir reynst illa; sýslufjelögunum hefir orðið þetta viðhald um megn fjárhags-

lega og það orðið til þess, að flutningabrautirnar hafa komist í niðurníðslu fyrir ónógt viðhald, svo að nú þegar hefir ríkissjóður orðið að leggja allmikið fje til gagngerðra endurbygginga; en tillag sýslusjóðanna til endurbygginganna ($\frac{1}{3}$ hluti kostnaðar) hefir samt orðið óbærilega þungur baggi sýslufjelögnum með öðrum kostnaði til annara vegagerða innan sýslu.

Það virðist því einsætt, að ljetta verði þessu viðhaldi af sýslufjelögnum, enda mun það síður baka ríkissjóði mikinn aukinn kostnað, fram yfir það sem framvegis yrði, því að nú hefir þingið samþykkt lög um samþykktir um sýsluvegasjóði, þar sem ríkissjóði er gert að skyldu að greiða nokkurn hluta viðhaldskostnaðar. Þetta er einnig álit vegamálastjóra á málinu, og væntir nefndin því þess, að viðhaldsskyldunni verði í endurskoðuðum vegalögum ljett algerlega af sýslufjelögnum, að því er allar flutningabrautirnar snertir.

Í trausti þessa hefir nefndin fallist á, að viðhaldi Flóavegarins yrði nú þegar ljett af Árnessýslu og viðhaldi Þjórsárbrúarinnar af Rangárvallasýslu, enda eru þar, samkvæmt álini vegamálastjóra, sjerstakar ástæður fyrir hendi.

Fyrst og fremst er hin mikla umferð bæði af bilum og vögnum.

Í öðru lagi orsakar sú mikla umferð það, að ekki nægir minna en slitlag úr mulningi, er vinna verður með nýtiskuvjelum, og verður sú vinna ekki framkvæmd öðruvísi en undir stjórn vegamálastjóra.

Og í þriðja lagi er fjárhagur sýslufjelagsins, vegna endurbyggingar þessa vegar og viðhalds annara vega í sýslunni, svo bágborinn, að henni er þetta alveg ofviða, svo að í nokkru lagi sje.

Hin mikla umferð um Borgarfjarðarbrautina og mikið vegaviðhald annarsstaðar í sýslunni mælir einnig, að álini nefndarinnar, með því, að viðhaldi þessarar brautar verði ljett af nú þegar.

Samkvæmt álini nefndarinnar og vegamálastjóra gildir að miklu leyti það sama um Holtavegin, nema aðstaða öll talsvert lakari, þar sem vegarstæðið er mjög votlent og erfitt að afla mulnings í slitlag. En þar sem vegurinn nú er í endurbyggingu, að miklu leyti á kostnað ríkissjóðs, og endurskoðun laganna stendur fyrir dyrum, hefir nefndin ekki tekið hann upp í þetta frv., þó að margt mælti með því, að hann fylgdi Flóabrautinni.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1923.

Jón Magnússon,
form.

Sigurður H. Kvaran,
með fyrirvara.

Guðm. Guðfinnsson,
fundaskr., frsm.

Hjörtur Snorrason. Einar Arnason.